

Tillaga

Viðatakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga D lista um heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna 12-30 mánaða barna, sem ekki eru í leikskóla eða hjá dagforeldri

Dags: 28. ágúst 2023

Málsnúmer: 202308749/12.0

Sendandi: Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi

Tillaga:

Lagt er til að Mosfellsbær bjóði upp á heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna barna með lögheimili í Mosfellsbæ sem eru ekki með pláss í leikskóla eða hjá dagforeldri frá 12 mánaða aldri þar til barn verður 30 mánaða. Gildistími heimgreiðslu miðast við næstu mánaðarmót eftir að barn nær 12 mánaða aldri.

Greiðslur falla niður ef barn fær pláss á leikskóla eða fer til dagforeldris áður en það nær 30 mánaða aldri.

Greiðslur miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 klukkustundir á dag.

Skilyrði fyrir greiðslu yrðu eftirfarandi:

- Að foreldri/forráðamaður og barn eigi lögheimili í Mosfellsbæ.
- Að barn sé orðið 12 mánaða og ekki eldra en 30 mánaða.
- Að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Mosfellsbæ.
- Að foreldrar/forráðamenn séu ekki að þiggja aðrar niðurgreiðslur vegna barnsins frá Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa langflest börn 12 mánaða og eldri í Mosfellsbæ fengið dagvistunarúrræði. Á vormánuðum 2022 átti að bjóða út byggingu á nýjum leikskóla í Helgafellshverfi. Nýr meirihluti bæjarstjórnar ákvað eftir kosningar að fresta því útboði og mun því bygging leikskólans tefjast alla vega um eitt ár. Þessar tafir og frestur munu leiða til þess að líklega munu myndast biðlistar á dagvistunarúrræðum fyrir börn 12 mánaða og eldri í Mosfellsbæ.

Tillagan er lögð fram til þess að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barn fær vistunarúrræði.

Heildarkostnaður tillögu þessarar liggur ekki fyrir en hann markast af þeim fjölda foreldra sem mun nýta þessar greiðslur á hverjum tíma.

Lagt er til að fræðslu og frístundasvið Mosfellsbæjar verði falið að útfæra reglur um greiðslurnar byggðar á tillögunni og þær verði lagðar til samþykktar bæjarráðs að þeirri vinnu lokinni. Einnig er lagt til að tillagan verði hluti af vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og að úrræðið og reglurnar taki gildi 1. janúar 2024.